



## Fundargerð hreppsnefndar 21. mars 2013

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 21. mars 2013 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Á fundinn voru mætt Þórunn Egilsdóttir, Ásrún Jörgensdóttir, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir, Guðrún Anna Guðnadóttir og Bárður Jónasson. Jafnframt var mættur sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 7. mars sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 7. mars sl.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

2. mál. Fundargerð húsnæðisnefndar frá 1. mars sl.

Lögð fram til kynningar fundargerð húsnæðisnefndar frá 1. mars sl.

3. mál. Fundargerð stjórnar Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands frá 7. mars sl. og tillögur um framtíð sjóðsins.

Lögð fram fundargerð stjórnar Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands frá 7. mars sl. Jafnframt lagðar fram tillögur stjórnarinnar um að leggja niður sjóðinn, enda verði stofnaður annar sambærilegur sjóður. Þá eru lögð fram drög að samningi milli hins nýja sjóðs og aðildarsveitarfélaganna. Í gögnunum kemur fram að sjóðurinn skuli vistaður hjá Austurbrú. Stjórn SSA skal jafnframt vera stjórn sjóðsins. Sérstök 5 manna úthlutunarnefnd skuli samt kosin, sem gerir tillögur um úthlutun styrkja til SSA, sem staðfestir úthlutanir. Í gögnunum kemur einnig fram að Austrbrú sé heimilt að taka úr sjóðnum árlega allt að 60 % framlaga hvers árs og ráðstafa í tiltekið verkefni, sem unnið er á vegum Austurbrúar. Tillaga um slíkt frá stjórn Austurbrúar skal hljóta samþykki stjórnar SSA, sem jafnframt er stjórn sjóðsins.

Hreppsnefndarmenn lýstu skoðunum sínum á þessum tillögum og gerðu grein fyrir afstöðu sinni. Í máli manna kom fram að almennt væri áhugi á því að sjóður af þessum toga yrði til í fjórðungnum. Nokkuð þyrfti að skýra hvaða stjórnir færu með vald í sjóðnum, en samkvæmt fyrirbyggjandi tillögum koma þrjár stjórnir að úthlutun fjárframlaga úr sjóðnum, sem eru stjórn Austurbrúar, sérstök 5 manna úthlutunarnefnd og síðast en ekki síst stjórn SSA, sem jafnframt á að vera stjórn sjóðsins. Á síðustu árum hefur stærð Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands verið 8-10 m. kr. árlega. Sé miðað við að þessi nýi sjóður sé af svipaðri stærðargráðu eða um 10 m. kr. væri hugsanlegt að 6 m.kr. færu til sérstakra verkefna hjá Austurbrú. Eftir yrðu þá 4 m. kr., sem annars vegar færu til úthlutunar styrkja að tillögu úthlutunarnefndar og með samþykki stjórnar SSA og hins vegar í rekstur sjóðsins. Áætlað er að kostnaður við rekstur sjóðsins gæti verið um 1 m.kr. á ári. Úthlutunarnefndin hefur þá úr að spila um 3 m. kr.,sem koma skulu til úthlutunar tvisvar á ári fyrir styrkbeiðnir af öllu svæðinu frá Vopnafirði til Djúpavogis.

Síðan var lögð fram svofelld ályktun: "Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps leggur til að starfræktur verði sérstakur atvinnuefningarsjóður á Austurlandi eins og lagt er til að gert verði á fundi stjórnar Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands 7. mars sl.

Hreppsnefnd telur þó að fara þurfi betur yfir stjórnkerfi fyrir slíkan sjóð og einfalda hvernig staðið sé að úthlutunum úr sjóðnum. Ein af megin forsendunum fyrir stofnun Austurbrúar var að fækka stjórnar og nefndarfundum og er hér lagt til að í þá stefnu verði haldið. Jafnframt þarf að skoða vel hversu stór hluti fjárframlaga slíks sjóðs geti runnið til verkefna á vegum Austurbrúar og hvernig ákvarðanir eru teknar um slíkt."

Hreppsnefnd samþykkti samhljóða með 7 atkvæðum framlagða ályktun og felur sveitarstjóra að koma þessum sjónarmiðum á famfæri.

4. mál. Fundur með Innanríkisráðherra, Vegamálastjóra o.fl. 18. mars sl.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fundi sínum og sveitarstjóra Langanesbyggðar með Innanríkisráðherra 18. mars sl., varðandi áætlunarflug á flugleiðinni Akureyri-Vopnafjörður-Þórshöfn-Akureyri. Samningur um þetta flug rennur út um næstkomandi áramót og er því mikilvægt að fá einhverja vissu um framhaldið. Ráðherra tók jákvætt í þá málaleitan að áfram yrði stutt við áætlunarflug milli þessara staða. Ennfremur var fundað um sama málefni hjá vegamálastjóra, en stofnun hans stýrir áætlunarflugi landsmanna. Á fundi hans var einnig farið yfir samvinnu við malbikun gatna í sveitarfélaginu á komandi sumri og lagfæringu á niðurkeyrslu af Hafnarbyggðinni niður á höfnina. Eins og kunnugt er þá hefur verið kallað eftir því að vegagerðin komi að malbikun Hafnarbyggðar ytri og innri kafla. Skilningur var góður fyrir þessum framkvæmdum, en jafnframt var því lýst að fjármunir væru af skornum skammti í verkefni af þessum toga. Allt yrði þó reynt til þess að koma málinu áfram.

Sveitarstjóra falið að vinna áfram að framgangi þessara mála.

5. mál. Drög að siðareglum kjörinna fulltrúa.

Lögð fram drög að siðareglum kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps. Gerð var grein fyrir fyrirbyggjandi drögum og því að skylt væri að sveitarstjórnir settu sér slíkar reglur. Um það er fjallað í 29. gr. sveitarstjórnarlaga. Reglurnar skal síðan senda til staðfestingar í Innanríkisráðuneytið. Sveitarstjórnarmenn lýstu skoðunum sínum á fyrirbyggjandi drögum af siðareglum.

Samþykkt var samhljóða að endanleg afgreiðsla fyrirbyggjandi draga fari fram á næsta fundi sveitarstjórnar. Sveitarstjórnarmönnum er bent á að koma athugasemdum, hafi þeir einhverjar, til sveitarstjóra milli funda.

6. mál. Drög að samþykkt um bygginganefnd

Lögð fram drög að sérstakri samþykkt fyrir bygginganefnd Vopnafjarðarhrepps, sem byggir á heimild í 1. mgr. 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

Gerð var grein fyrir hugmyndinni á bak við fyrirbyggjandi drög.

Að umræðum loknum var samþykkt samhljóða að vísa fyrirbyggjandi drögum að samþykkt fyrir bygginganefnd Vopnafjarðarhrepps til umsagnar í byggingar- og skipulagsnefnd. Að slíkri umsögn fenginni verði drögin tekin til endanlegrar afgreiðslu í sveitarstjórn og síðan send til staðfestingar í Umhverfis- og Auðlindaráðuneyti.

7. mál. Bréf Juris dags. 5. mars sl., varðandi þjóðlendudóm, vegna Þorbrandsstaðatungna.

Lagt fram bréf frá Juris dags. 5 mars sl., þar sem greint er frá staðfestingu Hæstaréttar á dómi héraðsdóms Reykjavíkur á sýknu íslenska ríkisins af kröfum Vopnafjarðarhrepps í máli er varðar þjóðlendusvæði, sem nefnt er Þorbrandsstaðatungur.

Vopnafjarðarheppi er þar gert að greiða íslenska ríkinu 750 þús. kr. í málskostnað fyrir Hæstarétti. Niðurstaða Hæstaréttar um greiðslu málskostnaðar þykir sérstök, þar sem almennt hefur ekki verið greiddur málskostnaður af sambærilegum málum, þar sem fjallað er um þjóðlendur. En sem kunnugt er þá lýsti íslenska ríkið sig eiganda að þessum svæðum og gerði síðan meintum fyrir landeigendum að sanna eignarrétt sinn.

Sveitarstjóra falið að ræða við Fjármálaráðuneytið um niðurfellingu þessa kostnaðar á grundvelli þess að eins sé farið að í þessu máli og öðrum sambærilegum dómum og jafnræðis gætt að þessu leyti.

Málsmeðferð þessi samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

8. mál. Malbik, drög að útboðsgögnum.

Lögð fram drög að útboðsgögnum vegna fyrirhugaðra malbiksframkvæmda í sveitarfélaginu á næsta ári. Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu og lagði til að farið yrði í lokað útboð í þessu máli

þ.a. tveir verktakar KM Malbikun og Hlaðbær Colas fengju að bjóða. Nokkrar umræður urðu um það hversu mikið ætti að malbika og hvaða götur yrðu teknar fyrir. Að loknum umræðum var samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að kalla eftir tilboðum á þessum grunni í malbiksframkvæmdir í sveitarfélaginu á komandi sumri.

9. mál. Umsókn um íbúðarhúsalóðir frá Mælifelli ehf.

Lagt fram bréf frá Mælifelli ehf., þar sem sótt er um tilteknar byggingarlóðir að Hafnarbyggð 57, Steinholti 12, Þverholti 17 g 19.

Hreppsnefnd tekur mjög jákvætt í og fagnar framkominni umsókn um byggingalóðir fyrir íbúðarhús og hvetur fyrirtækið til þess að láta vinna teikningar fyrir hús á viðkomandi lóðum.

Erindinu vísað til byggingar- og skipulagsnefndar.

10. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Íþróttafélagið Huginn bréf móttekið 15.mars sl.,varðandi 100 afmæli félagsins. Samþykkt að styrkja Huginn með styrktarlínu að fjárhæð 12.000 kr.

b) Kaupvangur starfs- og rekstraráætlun 2013. Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.15